

Vettlingar úr Álafoss lopa

STÆRD: Dömustærð

EFNI

Álafoss Lopi - 100 g dokkur

litur 9985 mosagrænn 2

Einband til skrauts

Sokkaprjónar nr 5



VETTLINGAR

Fitjið upp 32 L á 4 prjóna nr 6. Tengjið í hring og prj fyrstu umf brugðna og síðan 12 umf slétt (uppábrot). Snúið nú prjóninu við (hvolfið inn í) þannig að slétta hliðin snýr inn og sú brugðna út. Bregðið bandinu utan um síðustu L í fyrri umf þannig: Hafið bandið fyrir framan, færið 1 L af hægri prjón yfir á þann vinstri, færið bandið aftur fyrir (hægra megin við þessa lykkju), færið lykkjuna aftur yfir á hægri prjón. Þetta er gert til að ekki myndist gat.

Prjónið slétt, 21 umf að þumli. Prjónið mislitt band í 5 lykkjur fyrir þumal, þ.e.a.s. fyrstu 5 L þriðja prjóns fyrir hægri vettling og síðustu 5 L annars prjóns fyrir vinstri vettling. Prjónið síðan aftur yfir þessar lykkjur með aðallit. Prjónið áfram 22-24 umferðir að úrtöku eða æskilega lengd (rétt fram yfir litla finger).

Úrtaka: Prjónið 2 lykkjur saman í byrjun hvers prjóns. Prjónið tvær umferðir slétt. Prj aftur úrtökumferð og eina umf slétt => 20 L. Prjónið að lokum 2 L saman út umferðina, slítið frá og dragið bandið í gegnum lykkjurnar.

Þumall: Fjarlægjið mislita bandið og takið upp 5 lykkjur við neðri brún, 4 lykkjur við efri brún og bætið við lykkjum í vikin beggja vegna, 3 lykkjum í lófann og 2 lykkjum á ytri hlið þumalsins. Alls eru 14 lykkjur á prjónunum og eiga að skiptast á 3 prjóna, 5, 5 og 4 lykkjur á hvern prjón. Prjónið 12-14 umf slétt. Prj 2 lykkjur saman á fyrstu tveimur prjónunum (þar sem er 5 lykkjur). Prj eina umferð sl. Prj 2 L saman út umf (=> 6 L) og síðan aftur (=> 3 L) Slítið frá og dragið bandið í gegnum lykkjurnar.

FRÁGANGUR

Gangið vel frá endum. Saumið með tvöföldu einbandi „fiskibeinamunstur“ og saumið undir aðra hvora lykkju í fyrstu og síðustu umf (styðjist við mynd). Skolið úr vettlingunum og leggið til þerris.

Uppskrift byggð á hönnun Valrósar Árnadóttur.